un í biskupsdæmi á morgun. Fleurie var mjög hrygg
yfir því, að hún gat ekki — en vildi þó leyna —
sína henni hræðslu sína; Júlíen var þvínæst mátulega gla-
-dur af því, að hann hjelt, að á morgun mundi sorgum
sínum vandræðum verða gleymt, og móðir hans mun-
di ekki frjetta neitt um það. — Dagurinn leið, eins
og allir aðrir dagar, og bar ekkert annað við á honum.
Þegar kvölda tók, fóru börnin að hátta, og að morgni
sannaðist Júlíen einsamall mjög snemma á fætur, hleyp-
inn af tilfinningu, sem ein eða margir af mínum ungu
lesendum munu skilja, til að sjá nú hvort leikstaurinn
stæði enn þá með einhverju lagi og hegningar, en hann var
horfinn, og leikstaurinn stóð grafkyrr eins og annar
steinn á sínum stað, menn mundu hafa svarað (= sva-
-rið) að hann hefði aldrei verið horfinn, jörðin þar sem
hann var festur í, var eins og áður; Litli guttinn
stóð þar hugsandi, og renndi augunum útá veginn, og sá
gamlan mann nálægjast, hann var í rifnum fötunum,
og hafði mikið skegg, sem náði honum á bringu; þes-
si gamli maður átti hátt með að ganga, þó að hann bæri
bakinu eitt bindi af eldiviði; hann studdi sig við sva-
rt prik, sem hann hjelt á í hendinni. Aptur fátækur!
sagði Júlíen, þegar hann sá hennan nálægjast, það eru þá
eintómir beiningamenn í þessu hjeraði, og snjeri strax að
honum bakinu, og ætlaði að fara inn aptur. Vinur mi-
nn litli, sagði gamalmennið, með lágum róddu, það lítur
svo út að þjer sjeuð húsbóndi í þessari fallegu höll; lofi
þjer mjer að koma inn, jeg skal ekki við yður hika og
þreyta; Mjer er vant að því, gamli maður; en hvörðu eins-
-vegis beiðar þinnar, höllin hennar móður minnar er ekki
ætluð fyrir fátæka, svaraði Júlíen. Jeg vil ekki koma
inn, en jeg vil verma skaðar við þröskuldinn, svaraði ga-
malmennið auðmjúkur, þjer synjið mjer samt ekki um
eitt staup af víni og einn brauðbita; hver veit nema
að sá dagur komi, að þjer eins og jeg, villuráfandi, fátæk-
-ur og heimilislaus, iðrast þeirra að hafa það, sem jeg nú bið yður
um. Þjer eruð flón, gamli maður, ekki nema það, jeg að
vera heimilislaus og fátækur eða villuráfandi, sagði Júlíen
hlæjandi. Þjer megið vita, að móðir mín er rík, já, mjög